



Íþróttamiðstöðin Borg



Sumaropnun: 27. maí—20. ágúst

Mánudaga - Föstudaga kl. 10-22
Laugardaga – Sunnudaga kl. 10-19

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

Júní 2017



HVATARBLAÐIÐ



*17. júní
hátíðarhöld*

Skrúðganga frá Versluninni Borg kl. 13:00

Hátíðarræða

Ávarp fjallkõnu

Grillaðar pylsur og gos

Hoppukastali á íþróttavellinum

(Þau börn sem eiga fána frá fyrri árum endilega munið eftir þeim.)



Fundargerð.

410. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. maí 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2016 lagður fram til seinni umræðu. Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Rekstrarniðurstaða A hluta	kr.	12.308.212
Rekstrarniðurstaða A og B hluta saman	kr.	-7.705.552
Eigið fé	kr.	561.079.693
Skuldir	kr.	1035.494.852
Eignir	kr.	1.596.574.544
Veltufé frá rekstri	kr.	88.260.267

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund um ársreikning sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Borg, þriðjudaginn 20. júní kl. 19:30.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. apríl 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. apríl 2017 liggur frammi á fundinum.

Verslunin



BORG



Tilboð á ís
17. júní

Opið;

mánud. til laugard. 09:00 til 21:00
sunnudaga 10:00 -20:00

Ný brauð og bakkelsi
alla daga kl: 9:30
frá Sindrabakaríi



Verið velkomin

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður vill þakka þeim sem sýndu okkur stuðning með komu sinni á Kótilettukvöldið hjá okkur fyrir stuttu síðan.

Einnig viljum við þakka eftirtöldum aðilum sem studdu við bakið á okkur þetta kvöld: **Böðvar Pálsson, Fjallableikja, Grímsborgir, Húsasmiðjan, Minni Borgir, Ormsstaðir, Sundlaugin Borg, Verslunin Vala.**

Sumarkveðjur Lkl. Skjaldbreiður



Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að 20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reyðskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is



Heilsugæslan Laugarási
Tímamantanir í síma 482-2770
Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 132. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 19. apríl 2017.

Mál nr. 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 132. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 19. apríl 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: 1704046 - Nesjavallavirkjun lnr. 170925: NN-1, 2 og 9: Niðurrennslí: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Orku náttúrunnar, dags. 12. apríl 2017 um framkvæmdaleyfi vegna prófanna á niðurrennslí í gamlar niðurrennslisholur, þ.e. NN-1, 2 og 9, til ársloka 2018. Meðan á prófunum stendur verða lagðar yfirborðslagnir að holunum.

Einnig liggur fyrir greinargerð, dags. 12. apríl 2017.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar um hvort að framkvæmdin sé í samræmi við mat á umhverfisáhrifum og umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um samræmi við starfsleyfi.

b) Fundargerð 43. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 19. apríl 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 18. fundar framkvæmdarráðs Almannaþings, 25. apríl 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Samningur um afritun verndaðra verka.

Á fundi sveitarstjórnar þann 19. apríl s.l. var málinu frestað. Samningurinn lagður fram að nýju og samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

5. Beiðni um styrk frá Batasetri Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Jónu H. Guðmundsdóttur forstöðumanns Bataseturs, dagsett 20. apríl 2017 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfssemi Batasetursins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk til rekstursins að fjárhæð kr. 94.000.

6. **Bréf frá Katli Sigurjónssyni þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp möstur til mælinga á vindaðstæðum.**
Fyrir liggur bréf frá Katli Sigurjónssyni, dags. 28. apríl 2017 þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp allt að þrjú möstur til mælinga á vindaðstæðum innan ákveðins svæðis sem skilgreint er á uppdrætti er fylgir bréfinu. Afgreiðslu málsins frestað fram yfir íbúafund um aðalskipulag sveitarfélagsins þann 20. júní n.k.
7. **Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, 402. mál.**
Fyrir liggur umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, 402. mál.
Lagt fram til kynningar.
8. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 375. mál.**
Frumvarpið lagt fram.
9. **Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, 434. mál.**
Þingsályktunartillagan lögð fram.
10. **Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál.**
Frumvarpið lagt fram.
11. **Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál.**
Frumvarpið lagt fram.
12. **Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.**



ÁRTANGI





**Til sölu
kryddjurtir
í pottum.**

**Til sölu sumarblóm
og gróðurmold**

Opið er alla virka daga frá 10-16
eða eftir samkomulagi.
Sími 669-0108.



SaumaKompan Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

**Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu , jarðvinnu, snjómokstur ,
bílaflutninga & fólksflutninga,
6-11 farþega.**



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Fundir sveitarstjórnar sumarið 2017 verða því miðvikudagana 17. maí, 7. júní, 21. júní, 5. júlí og 16. ágúst. Fundirnir hefjast allir kl. 9:00 f.h.

13. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 24. júlí til og með 11. ágúst 2017.

14. Erindi frá Elísabetu Tómasdóttur.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Elísabetu Tómasdóttur, dags. 30. apríl 2017 þar sem óskað er eftir að sumarhús í hennar eigu verði ekki skattlagt í flokki C eins og gert er við hús sem auglýst eru til útleigu. Umsókn um heimagistingu er í ferli fyrir umrætt hús. Sveitarstjórn getur ekki fallist á að breyta álagningu fasteignaskatts af þessari eign þar sem eignin er auglýst opinberlega til útleigu.

Til kynningar

- ✓ Skýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga frá vorþingi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.
- ✓ Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfsskýrsla 2013-2016
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00

Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verður lokuð vegna
sumarleyfa starfsmanna
frá 24. júlí til og með 11. ágúst 2017.*



FUNDARGERÐ.

411. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 17. maí 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Hörður Óli Guðmundsson

Jón Örn Ingileifsson varamaður Sigrúnar Jónu Jónsdóttur

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Gunnar Þorgeirsson.

Í upphafi fundar leitaði oddviti afbrigða að taka á dagskrá mál er varðar forkaupsrétt sveitarfélagsins að landi í Norðurkoti lóð nr. 17 við Kóngsveg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka málið á dagskrá undir lið nr. 13.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes og Grafningshrepps frá 3. maí 2017. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. maí 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 133. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 11. maí 2017.

Mál nr. 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 21.22. þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 133. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita frá 11. maí 2017 eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar:

Nú í maí buðum við upp á tauþrykkinámskeið fyrir kvenfélagskonur auk annarra kvenna sem búa í sveitinni. Þá þekkingu nýttum við svo í að þrykkja merkingar á dúkana. Að lokum nýttum við þann skemmtilega dag Borg í sveit til að dreifa fyrsta holli af pokum á heimilin í Grímsnes- og Grafningshreppi og afhenda íbúum pokana og hvetja þá um leið að nota fjölnota. Við náðum því miður ekki að gera nægilega marga poka til að klára öll heimilin því munum við vinna fleiri poka og fara á Sól-heima við fyrsta tækifæri.

Það var ekki síst gaman að heimsækja heimili í sveitinni þar sem tekið var vel á móti okkur og gaman að heyra hvað margir notast nú þegar við fjölnota poka. Takk fyrir góðar móttökur, kaupum ekki rusl og notum fjölnota ;)

Kærar kveðjur Kvenfélags Grímsneshrepps.





Fjölnota pokar „ekki kaupa rusl“

„Ekki kaupa rusl!“ er nafn á umhverfisverkefni sem Kvenfélags Grímsneshrepps hefur verið að vinna að síðastliðið ár. Markmiðið með verkefninu er að auka vitundarvakningu hjá íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps að sporna við því mikla magni af óþarfa rusli sem fellur til frá heimilum, vinnustöðum og stofnunum.

Tildrög verkefnisins voru að á vörfundum félagsins í fyrra fengum við fræðslufyrirlestur um rusl, hversu mikið félli til, hvernig ruslamagn tengist efnahagssveiflum í samfélaginu, hvernig það er flokkað og hvar er hægt að gera betur svo að dæmi séu nefnd. Það sem stóð uppúr fyrirlestrinum var þessi setning „Ekki kaupa rusl“ það er ekki kaupa of stórar pakkningar þar sem innihaldið verður aldrei klárað og minni einingar eru til, ekki kaupa hluti, föt, mat og annað sem ekki verður notað og fer þar af leiðandi beint í ruslið. Einnig kom fram það gífurlega magn af matvælum og lífrænum úrgangi sem fer beint í ruslatunnuna okkar sem hægt væri að koma í veg fyrir með vandaðri innkaupum, flokka betur og endurnýta eins og með moltugerð eða hreinlega fá sér hænur sem svo framleiða egg fyrir þig í staðinn.

Í framhaldinu áskotnaðist kvenfélaginu mikið magn af efni í allskyns litum og mynstri auk gömlu dúkanna úr félagsheimilinu. Út frá því fórum við að huga að hvernig þetta efni myndi nýtast best og kom sú hugmynd upp að sauma taupoka úr þessu og færa íbúum sveitarfélagsins þá að gjöf og þannig hvetja þá til að lágmarka plastpoka-notkun við innkaup sem dæmi.

Konur byrjuðu á að lita efni í skemmtilegum litum, sníða til pokana og sauma þá.

1. Sel lóð lnr. 204582:

Aukahús: Deiliskipulagsbreyting - 1704060

Lögð fram umsókn eigenda frístundahúsalóðarinnar Heiðarsel (lnr. 204582) úr landi Sels sem er 18.000 fm og liggur upp að landi Vatnsholts norðan við Mosfell. Er óskað eftir að heimilt verði að byggja allt að 40 fm aukahús en skv. gildandi skilmálum er heimilt að byggja 100 fm frístundahús og 10-15 fm geymslu, svefnhús eða gróðurhús. Á lóðinni er 33,1 fm frístundahús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að skilmálum deiliskipulagsins verði breytt þannig að byggja megi allt að 40 fm aukahús á lóðinni. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

2. Nesjar lnr. 170908: Vatnshlíð:

Aukið nýtingarhlutfall: Fyrirspurn - 1704058

Lögð fram fyrirspurn eigenda 4.000 fm lóðar úr landi Nesja með lnr. 170908 dags. 21. mars 2017 um hvort að heimilt verði að stækka núverandi frístundahús um 80 fm. Núverandi hús er 86,7 fm.

Í skipulögðum frístundabyggðum er almennt miðað við nýtingarhlutfallið 0.03 en á vissum svæðum þar sem lóðir eru minni en 0,5 ha hefur verið heimilað að byggja allt að 120-130 fm. Sveitarstjórn hafnar því byggt verði um 170 fm hús á lóðinni.

3. Hæðarendi 168254: Náttúrulaug og aðstaða fyrir baðgesti: Fyrirspurn - 1602041

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi baðstaðar í landi Hæðarenda. Deiliskipulag svæðisins var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga þann 14. apríl 2016 með athugasemdafrest til 27. maí. Engar athugasemdir bárust en í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 19. maí og 7. ágúst 2016 kemur fram að fyrirhuguð baðaðstaða samræmdist ekki gildandi reglugerðum.

Er tillagan nú lögð fram með breytingum í greinargerð til að koma til móts við þessar athugasemdir, þ.e. ekki kemur lengur fram að vatn lónsins verði ómeðhöndlað heldur eingöngu að það verði í samræmi við kröfur laga og reglugerða hverju sinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytta tillögu en þar sem ólíklegt er að auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda áður en ár er liðið frá því að athugasemdafrestur rann út samþykkir sveitarstjórn að auglýsa tillöguna að nýju skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

**4. Nesjavallavirkjun Inr. 170925:
Uppbótarhola: Framkvæmdaleyfi - 1703090**

Lögð fram endurskoðuð beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir borun uppbótarholu á Nesjavöllum. Á fundi skipulagsnefndar 6. apríl var umsókn um framkvæmdaleyfi tekið fyrir en málinu frestað þar til fyrir lægju umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skipulagsstofnunar. Umsögn Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem ekki er gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í endurskoðaðri umsókn er gert ráð fyrir að færa staðsetningu holunnar og var gert ráð fyrir því í umsögn Skipulagsstofnunar. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggur ekki fyrir en von er á henni í lok vikunnar.

Fyrir liggur umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 16. maí þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við að veitt verði framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framkvæmdaleyfi verði veitt.

5. Nesjavallavirkjun Inr. 170925: Sumarvarmalosun á Mosfellsheiði: Framkvæmdaleyfi - 1702031

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 1. mars 2017 var samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir niðurdælingum á holum HK- 35 og HK - 36 með skilyrði um að boruð yrði mælingarhola í rennslisstefnu í samráði við Vatnaskil. Jafnframt var gerður fyrirvari um umsögn Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Nú liggja allar umsagnir fyrir, ákveðið hefur verið hvar eftirlitshola verður staðsett og Forsætisráðuneytið hefur samþykkt niðurdælingu innan Þjóðlendu.

Sveitarstjórn samþykkir að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir niðurdælingu til 1. nóvember 2017. Skilyrt er að þá verði framtíðarlausn á nýtingu kæliturns orðin að veruleika.



Heldriborgaraferð 2017

Nú er komið að okkar árlegu Heldriborgaraferð :))

Að vanda býður Kvenfélag Grímsneshrepps íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps, 60 ára og eldri, í dagsferð. Í ár ætlum við að fara fimmtudaginn 22. júní og tökum stefnuna austur undir Eyjafjöllin til Víkur með viðkomu í Þingborg.

**Skráning þarf að berast í síðasta lagi
sunnudaginn 18. júní nk.**

Brottför frá Borg kl. 10.00 fimmtudaginn 22. júní.

Frekari upplýsingar og skráningar:
Ingibjörg Kristín Ingadóttir s. 893-1048
Sigríður Björnsdóttir 868-3070





Tombólan á Grímsævintýrum

Grímsævintýri á Borg, 12. ágúst 2017

Viltu leggja Tombólunni og Kvenfélaginu lið með vinningum? Endilega hafið samband við umsónarkonur Tombólunnar 2017 og við munum taka glaðar á móti þínu framlagi ☺

Inga Kristín Ingadóttir, ingakri@simnet.is sími: 893-1048
Jóhanna Þorvaldsdóttir, johannaogbaddi@gmail.com
sími: 865-1931



Grímsævintýri á Borg, 12. ágúst 2017

Við í Kvenfélagi Grímsness erum byrjaðar að huga að Grímsævintýrum á Borg sem verða 12. ágúst. Tombóla, fjölskylduhátíð, handverks- og matarmarkaður. Við erum byrjaðar að taka við borðapöntunum á markaðinn, nánari upplýsingar má sjá á facebooksíðu kvenfélagsins, borðapantanir fara í gegnum netfangið: grimsaevintyri@gmail.com.

Ertu með þína framleiðslu í handverki eða mat sem þú vilt selja? Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.
Lítið borð: 3.500 kr. Stórt borð: 4.500 kr.

Fylgstu með viðburðinum á Facebook – Grímsævintýri 12. ágúst 2017

6. Ferjubraut: Öndverðarnes: Hækkun nýtingarhlutfalls: Deiliskipulagsbreyting - 1705009

Lögð fram umsókn Ómars Péturssonar dags. 2. maí 2017, f.h. lóðarhafa Ferjubrautar 9 í Öndverðarnesi, þar sem óskað er eftir að nýtingarhlutfalli lóðarinnar verði breytt úr 0.03 í 0.036. Lóðin er 6.200 fm sem felur í sér að skv. gildandi skipulagi er heimilt að byggja hús sem samtals eru 186 fm að stærð en með breyttu skipulagi yrði heimilt að byggja 223 fm.

Sveitarstjórn hafnar því að breyta skilmálum svæðisins þar sem það væri í ósamræmi við gildandi aðalskipulag og það sem almennt gildir í flestum frístundahúsaðverfum í sveitarfélaginu.

7. Sturluholt lnr. 189339: Tilfærsla á lóðum og nafna-breyting: Deiliskipulagsbreyting - 1705014

Lögð fram umsókn Kára Steinars Karlssonar dags. 4. maí 2017 f.h. Skökuhóls ehf. um breytingu á deiliskipulagi Sturluholts sem felst í færslu á frístundahúsalóð og breytingu á heiti hennar. Meðfylgjandi er umboð meirihluta stjórnar Skökuhóls til umsækjenda með heimild til að skila inn gögnum til skipulags- og byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á staðsetningu lóðar en mælir ekki með að lóðin fái nafnið Brekkur þar sem þegar eru til frístundahúsalóðir með því nafni í sveitarfélaginu. Samþykkt er að breytingin verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

8. Hallkelshólar lóð 108: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1704033

Lögð fram umsókn Katrínar Stefánsdóttur dags. 7. apríl 2017 um leyfi til að byggja sumarhús með svefnlofti, samtals 104,5 fm á lóðinni Hallkelshólar lóð 108.

Sveitarstjórn samþykkir að gefið verði út byggingarleyfi í samræmi við umsókn með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar aðliggjandi lóða.

Mál nr. 22 og 23 sameiginleg mál afgreiðsla byggingarfulltrúa 52. fundur frá 12. apríl og 53. fundur frá 26. apríl.

Fundargerðirnar lagðar fram.

- b) **Fundargerð Stjórnar byggðasamlags Umhverfis og tækni-svið dags. 11. maí 2017.**
Fundargerðin staðfest.
- c) **Fundargerð ferðamálaráðs Uppsveita frá 10 apríl 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- d) **Fundargerð Brunavarna Árnassýslu frá 2. maí 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- e) **Fundargerð Almannavarna Árnassýslu frá 2. maí 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- f) **Fundargerð Nos frá 25. apríl 2017.**
Fundargerðin lögð fram ásamt Ársreikningi byggðasamlagsins fyrir árið 2016.

3. **Aðalskipulag Mosfellsbæjar til umsagnar dags. 2. maí 2017.**

Fyrir liggur erindi dagsett 2. maí 2017 frá Ólafi Melsted skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar varðandi breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar skipulagsins.

4. **Aðalskipulag Flóahrepps 2016-2028 til umsagnar dags. 3. maí 2017.**

Fyrir liggur erindi frá Péttri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa fyrir hönd Flóahrepps vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps 2016 – 2028.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á skipulaginu.

5. **Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns til umsagnar dags. 8. maí 2017.**

Fyrir liggur erindi frá Þjóðskjalasafni Íslands þar sem óskað er eftir umsögn við reglugerð um héraðsskjalasöfn. Athugasemdafrestur er til 16. júní 2017.

Reglugerðin lögð fram, oddvita falið að vinna umsögn í samráði við skjalavörð Héraðsskjalasafns Árnassýslu.

6. **Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna hf. 2017.**

Fundarboð um aðalfund Landskerfis bókasafna, sem haldinn verður í Reykjavík þann 24. maí næstkomandi kl. 14.00.



Leik- & dansnámskeið

í íþróttahúsinu á Borg í Grimsnesi 21, 22 & 23. júní



	MIDVIKUDAGUR	Fimmtudagur	Föstudagur
7-10 ÁRA	14.00-15.00	14.00-15.00	14.00-15.00
11-15 ÁRA	15.00-16.00	15.00-16.00	15.00-16.00

Kennur verður einn dans og heill hellingur af skemmtilegum leiklistaræfingum. Námskeiðið kostar 4000kr

Skráning á netfangið heidarhalldorsson@gmail.com eða í síma 779-5854



SUNDNÁMSKEIÐ

í sundlauginni á Borg

Námskeiðið byrjar mánudaginn 26. júní og lýkur 7. júlí. (10 skipti) Verð 12.000kr.
Tíminn er frá 13:00 til ca 14:15 og er skipt í tvo hópa.

Fyrri hópur: 13:00-13:35. Fædd. 2011 og yngri.
Seinni hópur: 13:35-14:10. Fædd. 2010 og eldri.

Kennari er Magnús Tryggvason.

Skráning er á netfangið antoniah1704@gmail.com





Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg
Þriðjudaginn 20. júní n.k. kl. 19:30

Dagskrá:

1. Flokkun á sorpi.
2. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2016.
3. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.
4. Önnur mál.

Sveitarstjórn



Aðalfundur Leikfélagsins Borg

verður haldinn 8. júní kl. 20:00 í Félagsheimilinu Borg.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundastörf.

Gamlir jafnt sem nýir félagar eru hvattir til að mæta
og kynna sér starfsemina .

7. Aðalfundarboð: Límtré Vírnet ehf. 2017.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Límtré Vírnets ehf. sem haldinn verður 17. maí kl. 14.00 á hótél Natura í Reykjavík.

Erindið lagt fram.

8. Bókun skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni frá 21. apríl 2017.

Fyrir liggur erindi skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni þar sem kynnt er bókun skólanefndar Menntaskólans frá 21. apríl síðastliðnum þar sem rætt er um aðstöðu til íþróttakennslu fyrir nemendur skólans.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skólanefndar Menntaskólans á Laugarvatni varðandi mikilvægi þess að íþróttahús verði starfrækt á Laugarvatni er nýttast myndi menntaskólanum. Rétt er að hafa í huga að öflugt íþrótt- og félagslíf hefur verið eitt af aðalsmerkjum Menntaskólans að Laugarvatni. Ungmennni úr Grímsnes og Grafningshreppi hafa sótt skólann í áratugi og lítur sveitarstjórn svo á að ef ekki finnst ásættanleg lausn á rekstri íþróttamannvirkja við skólann sé mikilvægri stoð kippt undan skólastarfinu.

Því hvetur sveitarstjórn ráðherra mennta- og menningarmála og ráðherra fjármála að finna viðhlítandi lausn til framtíðar hið allra fyrsta.

9. Hæstaréttardómur frá 11. maí 2017. Vegna Illagils 21.

Fyrir liggur tölvupóstur frá lögmanni sveitarfélagsins Óskari Sigurðssyni þar sem niðurstaða Hæstaréttar staðfestir dóm Héraðsdóms Suðurlands í máli Lárusar Helgasonar gegn sveitarfélaginu.

Erindið lagt fram.

10. Til umsagnar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna 190. mál.

Frumvarpið lagt fram.

11. Til umsagnar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir 438. mál.

Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að frumvarpið verði kostnaðarmetið á vettvangi sveitarstjórnarstigsins en ekki einvörðungu af fulltrúum fjármálaráðuneytisins þar sem verulegur kostnaðarauki fylgir frumvarpinu.

12. Til umsagnar frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 439. mál.

Frumvarpið lagt fram.

13. Aukamál forkaupsréttur af Kónsvegi 17.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti.

Til kynningar

- ✓ Stjórnarfundur SASS frá 5. maí 2017
- ✓ Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands frá 3. maí 2017.
- ✓ Ársreikningur Skógræktarfélags Grímsnesinga 2016.
- ✓ Ársreikningur Samtaka Orkusveitarfélaga 2016.
- ✓ Leiðbeiningarrit um algilda hönnun utandyra. (liggur frammi á fundinum)
- ✓ Umhverfisskýrsla Orkuveitur Reykjavíkur 2016. (liggur frammi á fundinum)
- ✓ Ársskýrsla Byggðarstofnunar 2016. (liggur frammi á fundinum)
- ✓ Ársreikningur Eignarhaldsfélags Suðurlands 2016. (liggur frammi á fundinum)

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.30

Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Fundir sveitarstjórnar sumarið 2017 verða því miðvikudagana 17. maí, 7. júní, 21. júní, 5. júlí og 16. ágúst.

Fundirnir hefjast allir kl. 9:00 f.h.

Viðburðurinn Borg í Sveit.

Mig langar að þakka öllum þeim sem komu og fylgdust með hlýðniæfingum og leik hjá mér og hundunum mínum


Gjósku fimm og hálfs árs og Hróa tveggja ára.

Það er margt svipað með að temja hund, hest og að ala upp barn. Þetta gerist á mislögum tíma allt eftir aðstæðum og einstaklingum. Kröfurnar verða meiri þegar frá líður en mikilvægast er að kalla allt fram með gleði og leik. Þið sem á horfðuð hafið eflaust tekið eftir að ég lék mikið við hundana og að æfingarnar hans Hróa sem ég byrjaði með voru auðveldari en þær sem ég lét Gjósku gera.

Þau stóðu sig bæði mjög vel að mínu mati þrátt fyrir að vera að vinna við aðstæður sem þau eru óvön, það er umferð bíla og annað áreiti.

Takk kærlega fyrir góðar undirtektir og klapp sem er mjög hvetjandi fyrir hundana mína. Klapp er eitt af þeirra verðlaunum fyrir vel gerða æfingu.

Sérstakar þakkir fær Steinar Sigurjónsson sem gaf sér tíma til að taka okkur upp á myndband.



Elín Lára, Gjóska og Hrói.

Sumaropnun

**Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst**

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Umhverfisdagar Kerhólsskóla í maí

Allir í skólanum tóku þátt í ýmsum útiverkum.

Gróðursettar voru ýmsar tegundir matjurta, kartöflur, gulrætur, kryddjurtir og jarðaber, grafin var ný hola fyrir moltuna, hreinsað og týnt rusl á skólalóðinni (og langt út fyrir) og sett nýtt kurl í stíga. Svo var bátasmíði á einni stöð og rampurinn sem strákar á unglingastigi hafa verið að smíða í vetur er að verða tilbúinn.

Allir tóku vel til hendinni og ber umhverfið þess fagurt vitni.

Veðrið var eins og best verður á kosið og þessir dagar heppnuðust einstaklega vel.



Menningaveisla Sólheima

Hefst laugardaginn 3. júní kl. 13:00 við Grænu könnuna. Eftir setningu verður gengið að Ingustofu og samsýning vinnustofa skoðuð síðan að Sesseljuhúsi á sýninguna “ Hvað hef ég gert,, en það er okkar túlkun á vanda hnattrænnar hlýnunar og mögulegum lausnum.

Við endum í Sólheimakirkju kl. 14:00 en þá mun Sólheimakórinn flytja nokkur lög undir stjórn Bjarka Bragasonar og nokkur lög úr Ævintýrakistunni flutt undir stjórn Þrastar Harðarsonar. Það er ókeypis aðgangur á alla viðburði Menningarveislunnar sem stendur til 19. ágúst, með fjölbreytta dagskrá, upptökur, tónlistarviðburði og sýningar.

Kaffihúsið Græna kannan og verslunin Vala eru með opið alla daga frá kl 12:00 -18:00 Lífrænar vörur og veitingar í fyrirrúmi Allir velkomnir á Sólheima

Sunnudaginn 4. júní kl. 14:00
Guðsþjónusta í Sólheimakirkju
Sr. Agnes M. Sigurðardóttir biskup messar

Laugardaginn 10. júní klukkan 14:00 í Sólheimakirkju
Fiðludúett - tangótónar
Ayisha Elisabeth Moss og Chrissie Guðmundsdóttir
spila tangóa og frumflytja íslenskt verk.
Velkomin á Sólheima

Umhverfisfræðsla
10. júní. laugardagur kl. 16:00
í Sesseljuhúsi.
Rannveig Magnúsdóttir
frá Landvernd.
Fyrirlestur um matarsóun.



Menningarveisla Sólheima 2017

3. júní til 19. ágúst

Tónleikar alla laugardaga Menningarveislunnar kl. 14:00 í Sólheimakirkju



3. júní
Sólheimakórinn
Sólheimakórinn
Stjórnendur Bjarki
Bragason og Dagur úr
Árnsfraklunnar.



15. júní
Kristín Harma
Matnettuleikari frá
Bandaklunnar mun
flýja nokkur Matnettuleikar
verk eftir ýmsu tónskáld.



10. júní
Pólusdóttir - Isangóttar
Aynla Elíasdóttir Moss
og Chrístie Guðmundsdóttir spila langa og
fyrirfylla íslensku verk.



22. júní
Unnur Sara Eljón
sýngur á íslensku fjöru
lög eftir Serge Gainsbourg og Edith Piaf
áskamt plandlékara.




17. júní
Sveinir Sigurðsson
spilar og sýngur. Hann
gefur út sína fyrstu vöðuplána Lofað um nýjan
dag í árlok 2016.



29. júní
Unnur Malín Sigurðardóttir
skípaðlegt kaða mætti
kaðistíðu skípaðlegt sem
leikur gæti í ferðalög um
lærður huga og hjarta.



24. júní
Lay Low
Lentia Elíasdóttir, víð-
nær mál á síni 14 plötunni.
Hún mun flýja nokkur
vel valin lög.



5. ágúst
Jónína G. Aradóttir
Nína í byrjun sumars
kemur út dæmra plötunni
Jónína, en hún flýtur
engin tónleikar.



1. júlí
Særa
Hjónaveitna
skípa þrjár ungur
konur sem sýngja
engil efni.



12. ágúst
Ragnar Bjarnason og
þingveitir Árturðsson
þeir flýgur gæta þáð
sem þeir gæta best,
áskemmta sér og öðrum.



8. júlí
Valgerður Guðjónsdóttir
er sá listamaður sem
ofbær hefur komið til
ebba. Hann mun flýja
lög úr eigin kaupum.



19. ágúst
Sveinir Krutur
sýngur skáld flýtur
blöndu af eigin lögum
og efndarlisti íslensku
sönglögum sínum.



Sólheimakirkja

4. júní kl. 14
Sr. Agneta M. Sigurðardóttir tálkup mætur
18. júní kl. 14
Sr. Sveinir Alfreðsson prestur á Sólheimum mætur
1. júlí kl. 11
Bardakur og úrvalsmening kl. 11 að Sólheimakirkju
2. júlí kl. 14
Kirkjudeginn. Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígubólup í Sólheimakirkju
16. júlí kl. 14
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsen Sólheimastjórnir í Sólheimakirkju mætur
30. júlí kl. 14
Sr. Valgerður Guðjónsdóttir mætur
13. ágúst kl. 14 og 27. ágúst kl. 14
Sr. Sveinir Alfreðsson prestur á Sólheimum mætur

Sumarið 2017

10. júní Laugardagur kl. 16:00 í Sesseljuhúsi.
Rannveig Magnúsdóttir frá Landvernd.
Fyrirlesur um matarönd.
24. júní Laugardagur kl. 16:00 við Grannu Kánnuna.
Unnur Árnaldardóttir jógaáættun
leikur gæti í útgöngu fyrir alla fjölskylduna.
1. júlí Laugardagur kl. 16:00 í Sesseljuhúsi.
Cælin Wilson frá Landvernd.
Kænni í heimgæðum snyrtidæmum úr víðinu bráðfni.
29. júlí Laugardagur kl. 16:00 við Grannu Kánnuna.
Ágúst Backman sýnir flýgur.
Kynning á ornamöku.



Brúðleikuhúsið Bernið Ógöndur
Íslenski íslenski
í þróðaleikunum
sumardaginn 25. júní kl. 14:00.



Teyrt undir ljúfum hestum
24. júní og 12. ágúst

3. júní laugardagur á Sólheimum

kl. 13:00
Formleg opnun
Menningarveislunnar við Grannu Kánnuna.
Að því loknu opnar
litaáeyning frá vinnustofum í Ingustofu
og þar á eftir sýningin
Hvað höfum við gæti?
Hvað gæti við gæti?
Sýning í Sesseljuhúsi
um loftslagsbreytingar.
kl. 14:00
Tónleikar Sólheimakórinn
og Leikfélags Sólheima í Sólheimakirkju.

Sesseljuhús

Ný sýning er í Sesseljuhúsi
Hvað höfum við gæti?
Hvað gæti við gæti?
Sýning um loftslagsbreytingar.
Fastleikur sýningar í hólunni eru
Hrein orka - Þessi heimsnið
Sólheimar sýngja samlag.
Ókúgagnagagnunin
og Orkuskiptin
og Hvað eru hlutir længi
að eyðast í dagtíðunni?

Lífrenni dagurinn 12. ágúst

Takki er að þessum og hlífð reikni á norðurlöndum hafi fyrst farið fram á Sólheimum.
Við höfum upp á það á hverja sumri með víðna degnum sem í ár er laugardagurinn
12. ágúst. Markaðurinn verður settur upp í nýtt vöðuplágu við Laufhól Grannu Kánnuna og
verða allar Sólheimastjórnir í öllu með göllum áskamt. Eldveður sýnir handleggja átt.
Teyrt verður undir ljúfum hestum.

Menningarveisla Sólheima og Sólheimakórinn
áskemmtir Menningarveisla Sólheima 2017
Sólheimakórinn
Sólheimakórinn

- Njótum náttúrunnar -